**277. fundur framkvæmdastjórnar ÍSÍ var haldinn í fundarsal framkvæmdastjórnar ÍSÍ, Íþróttamiðstöðinni í Laugardal, miðvikudaginn 14. maí 2019 kl. 16:00.**
**Mættir: Lárus L. Blöndal forseti, Dominiqua Alma Belányi, Garðar Svansson, Gunnar Bragason, Hafsteinn Pálsson, Ingi Þór Ágústsson, Knútur G. Hauksson, Kolbrún Hrun Sigurgeirsdóttir, Lilja Sigurðardóttir, Olga Bjarnadóttir, Sigríður Jónsdóttir, Viðar Garðarsson, Þórey Edda Elísdóttir, Þráinn Hafsteinsson, Líney Rut Halldórsdóttir framkvæmdastjóri, Andri Stefánsson sviðsstjóri Afreks- og Ólympíusviðs ÍSÍ og Halla Kjartansdóttir skrifstofustjóri.**
**Forföll: Ása Ólafsdóttir og Úlfur H. Hróbjartsson.**

**Forseti setti fundinn og bauð meðlimi nýkjörinnar framkvæmdastjórnar ÍSÍ velkomna.**
**Að því loknu var gengið til dagskrár:**

1. **Íþróttaþing ÍSÍ**
   Farið yfir nýliðið Íþróttaþing ÍSÍ sem gekk vel í alla staði.
   Aldrei hafa jafn margar konur átt sæti í framkvæmdastjórn ÍSÍ en ný stjórn er skipuð níu körlum og sjö konum.
   Forseti skýrði frá því að hann væri búinn að ræða við stjórnarmeðlimi varðandi þátttöku í starfi ÍSÍ og lagði fram tillögur að skipan embættismanna og skipan nefnda og ráða ÍSÍ.
   Eftirfarandi tillögur samþykktar samhljóða:
   **Embættismenn stjórnar:**
   Sigríður Jónsdóttir 1. varaforseti, Hafsteinn Pálsson 2. varaforseti og Gunnar Bragason gjaldkeri.
   **Afreks- og Ólympíusvið ÍSÍ:** Þórey Edda Elísdóttir formaður, Garðar Svansson, Ingi Þór Ágústsson, Olga Bjarnadóttir og Knútur G. Hauksson.
   **Almenningsíþróttasvið ÍSÍ:** Þráinn Hafsteinsson formaður, Ása Ólafsdóttir og Lilja Sigurðardóttir.
   **Þróunar- og fræðslusvið ÍSÍ:** Viðar Garðarsson formaður, Úlfur Hróbjartsson og Kolbrún Hrund Sigurgeirsdóttir.
   **Afrekssjóður ÍSÍ:** Lilja Sigurðardóttir formaður, Ása Ólafsdóttir varaformaður, Guðrún Inga Sívertsen, Páll Grétarsson og fulltrúi frá mennta- og menningarmálaráðuneyti.
   **Fjármálaráð ÍSÍ:** Gunnar Bragason formaður, Lilja Sigurðardóttir og Garðar Svansson.
   **Afreksíþróttamiðstöð ÍSÍ:** Þráinn Hafsteinsson formaður, Viðar Garðarsson, Þórey Edda Elísdóttir, Knútur G. Hauksson og Frímann Ari Ferdinandsson fulltrúi ÍBR.
   **Heiðursráð ÍSÍ:** Hafsteinn Pálsson formaður, Ari Bergmann Einarsson, Björg Blöndal, Engilbert Olgeirsson og Helga H. Magnúsdóttir.
   **Heilbrigðisráð ÍSÍ:** Ingi Þór Ágússon formaður. Aðrir nefndarmenn verða skipaðir síðar.
   Laganefnd ÍSÍ: Davíð B. Gíslason formaður. Aðrir nefndarmenn verða skipaðir síðar.
   **Verkefnasjóður ÍSÍ:** Lárus L. Blöndal formaður, Sigríður Jónsdóttir, Gunnar Bragason og Hafsteinn Pálsson.
   **Íþróttir fyrir +60:** Þráinn Hafsteinsson formaður, Kolbeinn Pálsson varaformaður, Hermann Sigtryggsson, Ástbjörg Gunnarsdóttir, Margrét Jónsdóttir og Páll Ólafsson.
   **Kvennahlaupsnefnd ÍSÍ:** Áður skipuð Kvennahlaupsnefnd ÍSÍ verður starfandi fram að næsta hlaupi, sem haldið verður 15. júní 2019. Skipað verður í nýja nefnd að því loknu.
   **Upplýsinga- og fjölmiðlanefnd ÍSÍ:** Úlfur H. Hróbjartsson formaður, Viðar Garðarsson, Hulda Bjarnadóttir, Katrín Atladóttir og einn til viðbótar sem skipaður verður síðar.
   **Stýrihópur um Felix:** Vigfús Þorsteinsson formaður, Gunnar Bragason, Örn Andrésson, Gunnar Gunnarsson og Gunnar Þór Gestsson.

**Byggingar- og skipulagsnefnd:** Lárus L. Blöndal formaður, Gunnar Bragason, Margrét Leifsdóttir og tveir fulltrúar frá ÍBR.
**Vinnuhópur um Ferðasjóð íþróttafélaga:** Ingi Þór Ágústsson Formaður, Árni Ólason, Engilberg Olgeirsson, Jóhann Torfason, Olga Bjarnadóttir og Þór Í. Vilhjálmsson.

Áætlað er að skipa í vinnuhópa, Kvennahlaupsnefnd ÍSÍ, laganefnd ÍSÍ og heilbrigðisráð ÍSÍ á næsta fundi.

**2. Ólympísk málefni**

Andri Stefánsson sviðsstjóri Afreks- og Ólympíusviðs ÍSÍ skýrði frá því helsta er varðar ólympísk verkefni.

*Smáþjóðaleikarnir í Svartfjallalandi 2019*
Endanlegur listi yfir íslensku þátttakendurna lagður fram og staðfestur (sjá fylgiskjal Afreks- og Ólympíusviðs ÍSÍ sem fylgir fundargerð þessari). Alls taka 60 karlkyns keppendur og 60 kvenkyns keppendur frá Íslandi þátt í leikunum. Með fagteymi, flokksstjórum, þjálfurum og fararstjórn telur íslenski hópurinn ríflega 180 manns.
Forseti og framkvæmdastjóri ÍSÍ sækja leikana auk þess sem þau sitja aðalfund GSSE og aðra fundi er tengjast leikunum. Auk þeirra sækja Hafsteinn Pálsson, Ingi Þór Ágústsson og Þórey Edda Elísdóttir leikana. Heiðurforseti ÍSÍ, Ellert B. Schram mun verða gestur ÍSÍ á leikunum.

*Evrópleikarnir í Minsk 2019*
Lögð fram tillaga Afreks- og Ólympíusviðs ÍSÍ að íslenska hópnum á leikunum:
Eftirtaldir unnu sér inn keppnisrétt á leikunum:
Kári Gunnarsson í badminton
Valgarð Reinhardsson í áhaldafimleikum
Sveinbjörn Jun Iura í júdó -81kg karla.
Að auki hefur Íslandi verið úthlutað í nokkrum íþróttagreinum og viðkomandi sérsambönd hafa valið íþróttafólk í þau sæti. Það eru eftirtalin:
Ásgeir Sigurgeirsson í loftskambyssu og frjálsri skambyssu (skotíþróttir)
Hákon Þór Svavarsson í skeet (skotíþróttir)
Eowyn Marie Alburo Mamalias í trissuboga (bogfimi).
Agnes Suto í áhaldafimleikum

Allt í allt munu því sjö íslenskir keppendur taka þátt í fimm íþróttagreinum á leikunum.
Að auki fara eftirtaldir flokksstjórar og þjálfara með hópnum:

| | | |
|---|---|---|
| BSÍ | Atli Jóhannesson | Flokksstjóri/þjálfari |
| STÍ | Halldór Axelsson | Flokksstjóri/þjálfari |
| Bogfimi | Guðmundur Örn Guðjónsson | Flokksstjóri/þjálfari |
| FSÍ | Róbert Kristmannsson | Flokksstjóri/þjálfari |
| FSÍ | Lajos Kiss | þjálfari |

Tillagan samþykkt.
Aðalfararstjóri verður Andri Stefánsson sviðsstjóri Afreks- og Ólympíusviðs ÍSÍ, eins og áður var búið að samþykkja. Forseti mun sækja fyrstu daga leikanna og framkvæmdastjóri verða allan tímann bæði sem framkvæmdastjóri ÍSÍ og stjórnarmaður í EOC.

**3. Fagsvið ÍSÍ**

Líney Rut Halldórsdóttir framkvæmdastjóri fór yfir helstu verkefni Þróunar- og fræðslusviðs ÍSÍ. Vorfjarnámi á 1. og 2. stigi er lokið og sumarnámið hefst 18. júní. Átta íþróttahéruð hafa hafið vinnu til að öðlast gæðavottunina Fyrirmyndarhérað ÍSÍ. Nokkrar útskriftir og endurnýjanir hafa verið hjá Fyrirmyndarfélögum ÍSÍ. Öll félög innan ÍBA vinna nú að því að hljóta gæðavottunina Fyrirmyndarfélag ÍSÍ, í takt við stefnu Akureyrarbæjar og ÍBA í þeim

efnum. Unnið er að undirbúningi ýmissa ráðstefna og námskeiða. Málstofa fyrir sambandsaðila um þátttöku barna af erlendum uppruna í íþróttum verður haldin 23. maí nk. Í Íþróttamiðstöðinni í Laugardal.
Líney fór einnig yfir stöðu mála hjá Almenningsíþróttasviði ÍSÍ. Aukning er í fjölda þátttakenda í Hjólað í vinnuna en átakið er í fullum gangi og hefur gengið vel. Undirbúningur fyrir 30. Sjóvá-Kvennahlaup ÍSÍ þann 15. júní nk. gengur vel og verður ýmislegt skemmtilegt í boði á þessu afmælisári hlaupsins.

4. **Breytingar á lögum KSÍ**
Forseti fór yfir feril málsins.
Bréf hefur borist frá formanni KSÍ þar sem kynnt eru áform um breytingu á 14. grein laga sambandsins á næsta ársþingi þess. Samþykkt að staðfesta lög KSÍ með því skilyrði að gerðar verði breytingar á 14. grein laga KSÍ, efnislega í þá veru að tilnefning formanns ÍTF (Íslensks toppfótbolta) verði ætíð staðfest af ársþingi KSÍ áður en viðkomandi taki sæti í stjórninni.

5. **Fyrirmyndarhérað ÍSÍ – Umsókn USVH**
Fyrir liggur umsókn frá Ungmennasambandi Vestur-Húnvetninga, ásamt tilskildum fylgigögnum, um gæðavottunina Fyrirmyndarhérað ÍSÍ. Umsókninni fylgir staðfesting Þróunar- og fræðslusviðs ÍSÍ á því að öll skilyrði fyrir vottuninni séu uppfyllt.
Samþykkt að veita sambandinu vottunina. Afhending viðurkenningarinnar fer væntanlega fram seint í júlímánuði.
USVH er þriðja íþróttahéraðið sem hlýtur vottunina Fyrirmyndarhérað ÍSÍ.

6. **Heiðranir**
Tekin fyrir tilnefning frá Umf. Stjörnunni að veita Sigmundi Hermannssyni Gullmerki ÍSÍ fyrir góð störf í þágu íþrótta. Sigmundur er handhafi gullmerkis Stjörnunnar. Tilnefningin samþykkt samhljóða. Tilhögun afhendingar verður ákveðin síðar.

Sigríður Jónsdóttir varaforseti og Hafsteinn Pálsson ritari og formaður Heiðursráðs ÍSÍ munu afhenda Önnu Karólínu Vilhjálmsdóttur, Ólafi Magnússyni og Kristínu Guðmundsdóttur Gullmerki ÍSÍ á afmælisþingi Íþróttasambands fatlaðra 17. maí nk., í samræmi við samþykkt framkvæmdstjórnar 21. febrúar sl.

7. **Fundargerðir**
Eftirfarandi fundargerðir lagðar fram og staðfestar:
   - 276. fundur framkvæmdastjórnar
   - Þróunar- og fræðslusvið ÍSÍ frá 24.4.2019

8. **Viðburðir framundan**
Farið yfir viðburði framundan og til lengri tíma litið.

9. **Næstu fundir**
Fundarmenn sammála um að fimmtudagar henti vel fyrir stjórnarfundi og þá kl. 16:00.
Stefnt verður að fundi í júní. Tillaga um tímasetningu verður send út síðar.
Þráinn Hafsteinsson og Ingi Þór Ágústsson bentu á mikilvægi þess að halda reglubundið fundi framkvæmdastjórnar á landsbyggðinni.

10. **Önnur mál**
***Erindi Baldvins Jónssonar***
Forseti kynnti fyrirspurn frá Baldvini Jónssyni varðandi garð sem búið er að hanna við Garðyrkjuskólann í Hveragerði. Er falast eftir því að íþróttahreyfingin gefi þjóðinni hann að gjöf.
Erindinu hafnað.

***Starfsskýrslur***
Samþykkt að setja þau félög og deildir sem verða í vanskilum með starfsskýrslu til ÍSÍ 1. júní nk. í keppnisbann þar til skýrslu verður skilað. Lögbundinn skilafrestur á starfsskýrslum er 15. apríl ár hvert.

***Frumvarp til laga um kynrænt sjálfræði***
Kolbrún Hrund Sigurgeirsdóttir skýrði frá því að frumvarp til laga um kynrænt sjálfræði væri nú í umsagnarferli. Frumvarpið var ekki sent til ÍSÍ til umsagnar. Þróunar- og fræðslusvið ÍSÍ er með málið til skoðunar.

Fleira var ekki gert og fundi slitið.
Halla Kjartansdóttir, fundarritari

**Íslenski hópurinn á Smáþjóðaleikunum í Svartfjallalandi 2019. Tillögur sérsambanda, fagteymi ÍSÍ og fararstjórn.**

**Fararstjórn ÍSÍ:**

| | | |
|---|---|---|
| Örvar Ólafsson | aðalfararstjóri | |
| Brynja Guðjónsdóttir | aðstoðarfararstjóri | |
| Halla Kjartansdóttir | aðstoðarfararstjóri | |
| Ragna Ingólfsdóttir | aðstoðarfararstjóri | |

**Heilbrigðisteymi ÍSÍ:**

| | | |
|---|---|---|
| Örnólfur Valdimarsson | læknir | |
| Hafrún Kristjánsdóttir | sálfræðingur | |
| Árni Árnason | sjúkraþjálfari | |

**Fulltrúi í tækninefnd GSSE 2019:**

Andri Stefánsson

**Dómarar:**

| | | |
|---|---|---|
| Jón Ólafur Valdimarsson | blak | |
| Sævar Guðmundsson | blak | |
| Björn Sigurðarson | júdó | |
| Davíð Tómas Tómasson | körfuknattleikur | |
| Jóhannes Páll Friðriksson | körfuknattleikur | |
| Haraldur Hreggviðsson | sund | |
| Sarah Buckley | sund | |
| Sigurþór Sævarsson | sund | |

**Borðtennis:**

| | | |
|---|---|---|
| Styrmir Stefnisson | flokksstjóri | |
| Þórný Þórðardóttir | liðsstjóri | |
| Aleksey Yefremov | þjálfari | |
| Agnes Brynjarsdóttir | keppandi | liðakeppni, tvíliða |
| Aldís Rún Lárusdóttir | keppandi | liðakeppni, einliða, |
| Stella Kristjánsdóttir | keppandi | liðakeppni, einliða, tvíliða |
| Magnús Jóhann Hjartarson | keppandi | liðakeppni, tvíliða |
| Magnús Gauti Úlfarsson | keppandi | liðakeppni, einliða, tvíliða |
| Ingi Darvis | keppandi | liðakeppni, einliða |

**Frjálsíþróttir:**

| | | |
|---|---|---|
| Íris Berg Bryde | flokksstjóri | |
| Brynjar Gunnarsson | þjálfari | |
| Guðmundur Hólmar Jónsson | þjálfari | |
| Martha Ernstdóttir | þjálfari | |
| Sigurður Arnar Björnsson | þjálfari | |
| Kristófer Þorgrímsson | fjölmiðlafulltrúi | |
| Halldór Fannar Júlíusson | sjúkraþjálfari | |
| Arnar Pétursson | keppandi | 3000m hindrun, 5000m, 10000m |
| Dagbjartur Daði Jónsson | keppandi | spjótkast |
| Guðni Valur Guðnason | keppandi | kringlukast, kúluvarp |
| Hlynur Andrésson | keppandi | 3000m hindrun, 5000m |
| Ísak Óli Traustason | keppandi | 110gr, langstökk, boðhlaup |
| Ívar Kristinn Jasonarsson | keppandi | 200m, 400m grind, boðhlaup |

| | | |
|---|---|---|
| Jóhann Björn Sigurbjörnsson | keppandi | 100m, 200m, boðhlaup |
| Kormákur Ari Hafliðason | keppandi | 400m, boðhlaup |
| Kristinn Torfason | keppandi | langstökk, þrístökk |
| Andrea Kolbeinsdóttir | keppandi | 5000m, 10.000m |
| Aníta Hinriksdóttir | keppandi | 800m, 1500m |
| Ásdís Hjálmsdóttir | keppandi | spjótkast, kúluvarp, kringlukast |
| Birna Kristín Kristjánsdóttir | keppandi | langstökk, hástökk |
| Elín Edda Sigurðardóttir | keppandi | 5000m, 10000m |
| Fjóla Signý Hannesdóttir | keppandi | 400m grind |
| Guðbjörg Jóna Bjarnadóttir | keppandi | 100m, 200m, boðhlaup |
| Hafdís Sigurðardóttir | keppandi | langstökk, þrístökk, boðhlaup |
| Irma Gunnarsdóttir | keppandi | þrístökk |
| Kristín Karlsdóttir | keppandi | kringlukast |
| María Rún Gunnlaugsdóttir | keppandi | hástökk, 100m grind, |
| Tiana Ósk Whitworth | keppandi | 100m, 200m, boðhlaup |
| Þórdís Eva Steinsdóttir | keppandi | 400m, boðhlaup |

**Júdó:**

| | | |
|---|---|---|
| Birgir Ómarsson | flokksstjóri | |
| Jón Þór Þórarinsson | þjálfari | |
| Ásta Lovísa Arnórsdóttir | keppandi | -63 kg. |
| Berenika Bernat | keppandi | -63 kg. |
| Ingunn Sigurðardóttir | keppandi | -70 kg. |
| Alexander Heiðarsson | keppandi | -60 kg. |
| Dofri Bragason | keppandi | -60 kg. |
| Ingólfur Rögnvaldsson | keppandi | -66 kg. |
| Breki Bernhardsson | keppandi | -73kg. |
| Gísli Vilborgarson | keppandi | -73 kg. |
| Árni Lund | keppandi | -81 kg. |
| Egill Blöndal | keppandi | -90 kg. |
| Ægir Valsson | keppandi | -90 kg. |
| Þór Davíðsson | keppandi | -100 kg. |

**Skotíþróttir:**

| | | |
|---|---|---|
| Robert Pakk | flokksstjóri/þjálfari | |
| Ásgeir Sigurgeirsson | keppandi | loftbyssa |
| Guðmundur Helgi Christensen | keppandi | loftriffill |
| Íris Eva Einarsdóttir | keppandi | loftriffill |
| Ívar Ragnarsson | keppandi | loftbyssa |
| Jórunn Harðardóttir | keppandi | loftbyssa, loftriffill |

**Tennis:**

| | | |
|---|---|---|
| Andri Jónsson | flokksstjóri/þjálfari | |
| Birkir Gunnarsson | keppandi | einliða, tvíliða |
| Rafn Kumar Bonifacius | keppandi | einliða, tvíliða, tvenndar |
| Anna Soffía Grönholm | keppandi | einliða, tvíliða |
| Hera Björk Brynjarsdóttir | keppandi | einliða, tvíliða, tvenndar |

**Sund:**

| | |
|---|---|
| Júlía Þorvaldsdóttir | flokksstjóri |
| Hörður Oddfríðarson | formaður SSÍ |
| Unnur Sædís Jónsdóttir | sjúkraþjálfari |

| | | |
|---|---|---|
| Mladen Tepavcevic | þjálfari | |
| Steindór Gunnarsson | þjálfari | |
| | | |
| Anton Sveinn McKee | keppandi | 50m bringa, 100m bringa,<br>200m bringa, 200m fjór |
| Brynjólfur Óli Karlsson | keppandi | 100m flug, 200m bak |
| Dado Fenrir Jasminuson | keppandi | 50m flug, 100m flug, 50m skrið<br>100m skrið |
| Kolbeinn Hrafnkelsson | keppandi | 50m flug, 50m bak, 100m bak |
| Kristinn Þórarinsson | keppandi | 50m bak, 100m bak, 200m fjór |
| Kristófer Sigurðsson | keppandi | 50m skrið, 100m skrið, 200m skrið |
| Patrik Viggó Vilbergsson | keppandi | 200m flug, 400m fjór,<br>400m skrið, 1500m skrið |
| Þröstur Bjarnason | keppandi | 200m skrið, 400m skrið, 1500m skrið |
| Bryndís Bolladóttir | keppandi | 200m flug, 200m skrið |
| Eydís Ósk Kolbeinsdóttir | keppandi | 400m skrið, 800m skrið, 400m fjór |
| Eygló Ósk Gústafsdóttir | keppandi | 50m bak, 100m bak, 200m bak, |
| Jóhanna Elín Guðmundsdóttir | keppandi | 50m flug, 100m flug,<br>50m skrið, 100m skrið |
| Karen Mist Arngeirsdóttir | keppandi | 50m bringa, 100m bringa,<br>200m bringa |
| Katarina Róbertsdóttir | keppandi | 50m skrið, 50m flug, 100 flug, |
| Kristín Helga Hákonardóttir | keppandi | 100m skrið, 200m skrið, |
| María Fanney Kristjánsdóttir | keppandi | 100m flug, 200m flug |
| Ragna Sigríður Ragnarsdóttir | keppandi | 400m skrið, 800m skrið, |
| Stefanía Sigurþórsdóttir | keppandi | 100m bak, 200m bak, 200 fjór |
| Sunna Svanlaug Vilhjálmsdóttir | keppandi | 50m bringa, 100 bringa, 200m bringa |